

Mál nr. 297/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar ökutækis A

Bifreið var ekið aftan á bifreið, ágreiningur um líkamstjón þ. 7.9.2010.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 28.6.2010 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 18.6.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Bifreiðinni A sem er sendibifreið var ekið aftan á bifreið sem M ók þ.7.9.2010.. M segir að hún hafi kastast til við áreksturinn og fengið hnykk á hálsinn og högg á höfuðið vegna höfuðpúða. M leitaði til læknis daginn eftir áreksturinn og var greind með ofreynslu á hál- og brjóstþrygg auk tognunar á milli geislunga og bringubeins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þessa líkamstjóns, en M hefur ítrekað leitað til lækna vegna verkja sem hún telur stafa frá umræddum árekstri. M telur V ekki geta hafnað bótaskyldu úr hlutlægri ábyrgðarreglu á grundvelli vafa um orsakatengsl sérstaklega þegar sú afstaða er mótuð af gögnum sem V lét vinna einhliða fyrir sig. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að þau einkenni sem M segist búa við í dag verði rakin til umferðaóhappsins. V bendir á að mjög takmarkað tjón hafi orðið á bifreið M og telur útilokað að hún hafi hlotið áverka við áreksturinn. Þá vísar V til niðurstöðu hraðaútreikninga sem félagið lét vinna fyrir sig. V telur að ekki séu orsakatengsl á mill umferðaróhappsins og þeirra verkja sem M segist búa við í dag.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.